

---

## Stækkun fiskeldis Íslandsbleikju ehf að Núpsmýri í Öxarfirði úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn Ákvörðun um matsskyldu

---

### Inngangur

Þann 7. mars 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslandsbleikju ehf um fyrirhugaða breytingu á fiskeldi fyrirtækisins á Núpsmýri í Öxarfirði í Norðurþingi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna. Um er að ræða stækkun á eldisrými og aukningu á framleiðslumagni úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurþings, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

### Gögn lögð fram

**Tilkynning:** Tilkynning um fyrirhugaða breytingu á fiskeldi Íslandsbleikju ehf Núpsmýri í Öxarfirði, þar sem eldisrými verður stækkað og framleiðslumagn aukið úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn. Íslandsbleikja, mars 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Norðurþingi með bréfi dags. 16. maí 2017.
- Fiskistofu með bréfi dags. 24. mars 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 27. mars 2017.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 27. mars 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfum dags. 31. mars og 28. apríl 2017.
- Orkustofnun með tölvubrési dags. 5. apríl 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfum dags. 23. mars og 16. maí 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 31. mars og 11. apríl 2017.

### Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felist í að bæta tíu 2.000 m<sup>3</sup> steiptum kerjum við núverandi aðstöðu og auka þannig eldisrýmið um 20.000 m<sup>3</sup> í 42.000 m<sup>3</sup>. Laxaseiði verði áfram framleidd í seiðastöð félagsins á Núpum í Ölfusi og flutt þaðan norður í Öxarfjörð.

Fram kemur að slátrað magn eldisfisks frá stöðinni í dag hafi verið á bilinu 650 til 1.000 tonn á ári síðustu ár, en hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar miðað við núverandi eldisrými og framleiðslukröfur hafi verið um 1.100-1.200 tonn á ári. Mestur lífmassi eftir stækkun sé áætlaður 1.500-1.700 tonn, en vatnspörf fyrir slíkan lífmassa sé á bilinu 3.750-4.250 lítrar/sek. Ráðgert sé að draga úr frumdælingu með því að setja upp tromlufiltera við nýju kerin og ná þannig 50% endurnýtingu á vatni. Með því að endurnýta vatn með ofangreindri tækni megi reikna með að heildar vatnspörf eftir stækkun verði um 2.500 l/sek. Í dag anni vatns/sjótakan um 1.700 l/sek en



aukinni vatnspörf eftir fulla stækkun verði mætt að mestu leyti með fjölgun drena við sjávarmál, en einnig með fjölgun borhola á umráðasvæði félagsins.

### Grunnástand

Í greinargerðinni kemur fram að fiskeldi hafi verið stundað á Núpsmýri í um 30 ár án teljandi áhrifa á viðtakann, Brunná við Núpsmýri. Frárennsli frá eldinu komi í ána um einn km frá ós Brunnár. Á þeim stað hafi Brunná sameinast Sandá, sem er kvísl úr Jökulsá á Fjöllum. Síðustu árin hafi frárennsli stöðvarinnar runnið í tvær settjarnir og þaðan í Brunná. Vöxtur árinna sveiflist í takt við ástandið í Jökulsá á Fjöllum. Í starfsleyfum fiskeldis á Íslandi sé gert ráð fyrir tveimur flokkum viðtaka, þ.e. ferskvatni og sjó. Í starfsleyfi Íslandsbleikju við Öxarfjörð sé viðtakinn flokkaður sem ferskvatn. Telur framkvæmdaraðili að leiða megi líkur að því að jökulvatn stutt frá sjávarós sé síður viðkvæmur viðtaki og falli því á milli áður nefnda flokka. Þó vatnsmagn frá eldinu muni aukast, sé ekki talið að það hafi teljandi áhrif á lífríki í árósum Brunnár, þar sem um jökulvatn sé að ræða, með mikinn framburð á aur og frárennslið í ána skammt frá sjávarósum.

Fram kemur að eftir útgáfu upprunalegs starfsleyfis í Núpsmýri hafi verið grafið fyrir tveimur settjörnum við stöðina til að uppfylla skilyrði Umhverfisstofnunar um annars stigs hreinsun. Tjarnirnar hafi eingöngu verið tæmdar einu sinni eftir að þær voru teknar í notkun og seyran urðuð á lóð Silfurstjörnnunnar með leyfi yfirvalda. Þrátt fyrir að settjarnir hafi löngu verið hættað að þjóna upphaflegum tilgangi sínum hafi losun lífrænna efna frá eldinu undantekningalaust verið undir settum mörkum.

Fram kemur að frárennsli og viðtaki hafi verið vaktað með mánaðarlegum sýnatökum frá 2011 til 2013. Sýni til mælingar á köfnunarefni (N), fosfór (P) og svifögnum (TSS) hafi verið tekin úr frárennsli þar sem það komi úr settjörnunum og svo úr Brunná bæði ofan og neðan við staðinn þar sem frárennslið komi út í ána. Samhliða hafi verið unnið að rannsóknnum til að finna viðunnandi lausnir við að fyrirkoma seyrunni. Mögulegar leiðir í þessum efnum séu; a) að urða seyruna á næsta viðurkennda urðunarsvæði á Kópaskeri, b) að dreifa seyrunni á örfoka svæði til uppgræðslu, og c) að fá aðila í landbúnaði til að nýta seyruna sem áburð við ræktun. Allar þessar leiðir hafi annmarka sem rekja megi til kostnaðar, takmarkaðs næringarinnihalds seyrunnar og lítillar þekkingar á umhverfisáhrifum þessara leiða. Einnig hafi verið lútt áhugi á því að nýta seyruna.

Fram kemur að mælingar hafi sýnt hátt hlutfall svifagna þegar mest hafi verið í Brunná og iðulega mun hærra hlutfall en mældist í frárennsli frá settjörnum. Þetta hafi einnig átt við þegar minna var í áni. Það sama megi segja um styrk fosfórs, þ.e. hár styrkur í áni þegar hún hafi verið í miklum vexti og styrkurinn í árvatni hærri en í frárennslinu þegar rennsli sé minna. Hins vegar virðist styrkur köfnunarefnis ekki fylgja vatnsmagni árinna líkt og fosfór og svifagnir. Styrkur köfnunarefnis í Brunná hafi verið sveiflukennt en styrkurinn í frárennslinu jafnari og oftast hærri en í áni. Að mati framkvæmdaraðila sé ljóst að frárennsli stöðvarinnar hafi engin áhrif á fosfór og svifagnir í viðtaka og óveruleg áhrif þegar horft sé á köfnunarefni.

Fram kemur að niðurstöður vöktunar hafi verið sendar til Hafrannsóknastofnunar og umhverfisráðuneytis og Íslandsbleikja ehf farið fram á að fá að losa seyru tjarnirnar einu sinni í ána þegar hún væri í sem mestum vexti að hausti. Hafrannsóknastofnun hafi verið þessu fylgjandi en svar hafi ekki enn borist frá Umhverfisráðuneytinu þremur árum síðar, þó ítrekað hafi verið kallað eftir því.

Fram kemur að mörk í núgildandi starfsleyfi Íslandsbleikju séu 7 kg af fosfór á framleitt tonn og 60 kg af köfnunarefni. Rekstaraðili hafi staðist settar losunarkröfur, þó að losun hafi verið nálægt leyfilegum mörkum hvað viðkemur fosfór. Farið hafi verið fram á að losunarmörk fyrirtækisins verði rýmkuð með tilliti til niðurstöðna vöktunar á viðtaka, sem boðið hafi verið upp á í núverandi starfsleyfi. Einnig hafi verið lagt til að fyllt verði upp í settjarnir og frárennsli stöðvarinnar verði þess





Í stað hleypt beint út í árósin, því niðurstöður mælinga á styrk næringarefna í frárennsli til og frá tjörnunum hafi sýnt að þær hafi enga virkni.

## Umhverfisáhrif

Í greinargerð Íslandsbleikju er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á vatnsbúskap, villta fiskistofna, gróður, fugla og menningarminjar.

### Grunnvatn

Fram kemur að Orkustofnun hafi gert athuganir á vatnsbúskap svæðisins sem miðaði að því að afla grunnupplýsinga um ferskvatn og jarðhita í Öxarfirði og aðstæður til fiskeldis í austanverðum Öxarfirði. Mikið og gott framboð á ferskvatni sé á svæðinu.

Fram kemur að vatnsöflun fyrir 1. áfanga stækkunarinnar muni að miklu leyti koma úr núverandi sjódrenum við ströndina. Núverandi afkastageta borhola við stöðina sé um 1.000 l/sek, sem samanstandi af fersku og ísöltu vatni. Fyrir 2. áfanga stækkunarinnar sé áætlað að vatn verði fengið bæði með fjölgun sjódrena og borholum á umráðasvæði félagsins. Gert sé ráð fyrir að til þess að anna framleiðsluaukningunni þurfi um 700-800 l/sek í aukinni sjódælingu og um 200 l/sek af grunnvatni úr nýjum borholum með volgu og köldu vatni. Þær rannsóknir sem gerðar hafi verið á svæðinu og reynsla af dælingu undanfarna áratugi bendi til þess að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa teljandi áhrif á grunnvatnsstöðu svæðisins. Í ljósi aukinnar vatnsþurftar hafi verið lagt í að fjölga sjódrenum til að koma til móts við þörfinni á aukinni vatnstöku.

### Gróður og fuglar

Fram kemur að gróður á lóð Íslandsbleikju sé að mestu fábreyttir grasbalar. Svæðið sé raskað að hluta vegna eldri framkvæmda en á nærsvæði mannvirkjanna megi finna gróið mólendi með fjalldrapa, lymtategundum, gulvíði og fléttum. Algeng fjalldrapamóavistgerð sé ríkjandi vistgerð á þessu svæði, en ekki sé vitað til þess að að svæðinu séu tegundir jurta á valista. Áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði staðbundin vegna annars áfanga en að öðru leyti óveruleg, þar sem um raskað svæði sé að ræða. Fram kemur að ekki hafi verið gerð úttekt á fuglavarpi innan lóðar en ekki sé vitað til þess að fuglategundir á valista verpi á lóðinni. Gera megi ráð fyrir að áhrif á fuglavarpi verði staðbundin og þau bundin við framkvæmdatíma.

### Villtir fiskistofnar

Fram kemur að þar sem um sé að ræða landeldi í steiptum kerjum og allt frárennsli vatn stöðvarinnar fari í gegn um stálgrindur sem varna því að fiskur sleppi, sé hættan á slyasleppingum nánast engin. Ekki hafi orðið vart við að fiskur hafi sloppið úr stöðinni til sjávar öll þau ár sem eldi hafi verið starfrækt í Núpsmýri.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að litlar líkur séu á því að áformað fiskeldi að Núpsmýri muni hafa neikvæð áhrif á villta lax- og silungastofna.

### Menningarminjar

Fram kemur að í greinargerð Íslandsbleikju að ekki séu þekktar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að könnun hafi leitt í ljós að a.m.k. fjórar tóftir séu á eða þétt við framkvæmdasvæði 2. áfanga fyrirhugaðar stækkunar. Fornleifarnar þurfi að mæla upp og skrá, og gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna og fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum. Í ljósi þessa taldi stofnunin að framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifafræðingur hafi verið fenginn til þess að skrá meintar fornleifar og ekki verði hafist handa við 2. áfanga fyrr en lokið verður við rannsókn tóftanna



og að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Ef niðurstaða stofnunarinnar verði sú að ekki megi hrófla við töftunum verði tekið fullt tillit til þess þegar komi að framkvæmdinni. Ekki verði séð á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekari umsögn Minjastofnunar Íslands ítrekar stofnunin að hún þurfi að fá upplýsingar um legu, útlit og tegund fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þegar viðkomandi upplýsingar liggi fyrir og hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa á fornleifarnar geti stofnunin tekið afstöðu til framkvæmdarinnar og ákveðið hvaða mótvægisáðgerðir þurfi að grípa til vegna viðkomandi fornleifa. Framkvæmdaraðili hafi lýst vilja til að taka fullt tillit til fornleifa á svæðinu og hlíta ákvörðun Minjastofnunar Íslands um verndun eða rannsóknir á fornleifum sem verði fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Í ljósi þess telji stofnunin fullnægjandi að taka ákvörðun um mótvægisáðgerðir þegar hún fjalli um tillögu að deiliskipulagi vegna stækkunar fiskeldisins. Minjastofnun falli þar með frá kröfu um að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Losun úrgangsefna

Fram kemur í greinargerð að sýnt hafi verið fram á að mestu umhverfisáhrif fiskeldis stafi af óétnu fóðri. Til þess að lágmarka viðkomandi umhverfisáhrif sé virkt eftirlit með kerjunum og fóðrun stjórnad til að lágmarka fóðurnotkun. Áætlað sé að innan við 1% af fóðri tapist í eldinu og núverandi vöktunaráætlun sé í samræmi við kröfur í gildandi starfsleyfi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar koma fram efasemdir um að mælingar mengunarefna í viðtakann árin 2011-2013 hafi forspárgildi varðandi þol viðtaka og áhrif þess að þrefalda núverandi framleiðslu. Stöðin hafi vissa sérstöðu þar sem viðtakinn sé ferskvatn. Meta þurfi aðra valkosti, þar á meðal endurnýtingu úrgangs.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að viðtakinn Brunná sé að mestu jökulvatn. Áréttað er að vöktun hafi leitt í ljós að magn svifagna og styrkur fosfórs hafi ávallt verið margfalt hærrí í Brunná ofan við útrás frá fiskeldinu en mælst hafi í frárennsli þess. Mikið vatn sé notað til eldisins og þynning úrgangsefna verði því strax mikil áður en það fari út í viðtakann. Neðsti hluti Brunnár flæmist um í breiðum árfarvegi og í leysingartíð aukist vatnsrennsli árinna gríðarlega. Rennsli Jökulsár á Fjöllum sé yfir 500 m<sup>3</sup>/sek en losun frá eldinu verði 2,6 m<sup>3</sup>/sek. Ef úrgangsefni hafi sest til yfir veturinn komi þau til með að hreinsast út í leysingum. Einnig sé mikill sjógangur við ströndina og sandar við ósinn á mikilli hreyfingu. Útilokað sé að úrgangsefni frá eldinu muni safnast upp í ósi Brunnár og ólíklegt sé að óafturkræf umhverfisáhrif hljótist af framkvæmdinni. Settjarnirnar fyrir föst úrgangsefni frá eldinu sem settar hafi verið upp að kröfu Umhverfisstofnunar vegna tveggja þrepa hreinsunar á sínum tíma hafi ekki gefið góða raun. Nú sé lagt til að setja upp tromlufiltera upp við ný ker. Með þessum hætti verði dregið verulega úr aukningu á losun lífrænna efna vegna stækkunar eldisins og unnt verður að skilja frá föst úrgangsefni áður en þau berast út í viðtakann.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar tekur stofnunin undir að skilgreining á viðtaka taki e.t.v. ekki nægilega tillit til aðstæðna þar sem losun á sér stað á mörkum tveggja viðtaka eins og tilfellið sé við Núpsmýri. Ekki hafi orðið vart við uppsöfnun næringarefna vegna fiskeldis við Núpsmýri og líklegt sé að viðtakinn þoli nokkuð meiri losun en nú sé auk þess sem mengunarnir við framleiðsluna verði eflidar. Í ljósi þess telji Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

### Skipulag og leyfisveitingar

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Norðurlþings 2010-2030. Ekki er til deiliskipulag af svæðinu en það er í vinnslu og er forsenda fyrir útgáfu framkvæmdarleyfis að hálfu sveitarfélagsins.





Fyrir utan framkvæmdaleyfi skv. skipulagslögum er framkvæmdin háð byggingaleyfi Norðurþings skv. mannvirkjalögum og einnig starfsleyfi frá Umhverfisstofnun á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Að auki er starfsemin háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um fiskeldi. Nýting grunnvatns er háð leyfi Orkuskiptunar samkvæmd lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

## Niðurstaða

Um er að ræða stækkun á eldisrými Íslandsbleikju í Núpsmýri úr um 22.000 m<sup>3</sup> í 42.000 m<sup>3</sup> með fjölgun eldiskerja. Við stækkunina eykst framleiðslugetan á laxi og bleikju úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt gögnum málsins verða eldisker útbúin tromlufilterum sem munu skilja stórar lífrænar leifar frá eldisvatni sem renni frá stöðinni. Því munu einungis uppleyst næringarefni berast til Brunnár, en ekki föst úrgangsefni. Fyrir liggur að vatnsrennsli Brunnár, sem er kvísl úr Jökulsá á Fjöllum, er margfalt á við frárennsli frá eldisstarfsemi að Núpsmýri og vöktun á næringarefnum í ánni gefa til kynna að áhrif vegna núverandi eldisstarfsemi séu óveruleg. Frárennsli frá fiskeldi að Núpsmýri blandast Brunná stutt frá ósi hennar þar sem frekari þynning á næringarefnum á sér stað. Skipulagsstofnun telur að þar sem mengun frá fyrirhugaðri framleiðsluaukningu verður í formi uppleystra næringarefna sem líklegt er að muni þynnast hratt í neðsta hluta Brunnár og í sjó, sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á straumvötn eða lífríki þeirra.


Óvissa er til staðar um áhrif á fornminjar vegna 2. áfanga framkvæmdarinnar. A.m.k. fjórar tóftir hafa fundist á þeim hluta framkvæmdasvæðisins. Fyrir liggur að framkvæmdaraðili hefur fengið fornleifafræðing til þess að skrá fornleifar á svæðinu og ekki verður hafist handa við 2. áfanga fyrr en rannsókn á tóftunum lýkur og að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Einnig liggur fyrir að ef niðurstaða stofnunarinnar verði sú að ekki megi hrófla við tóftunum muni framkvæmdin taka mið af því. Skipulagsstofnun telur fullnægjandi að skilyrði Minjastofnunar Íslands um mótvægisáðgerðir vegna fornleifanna komi fram í skilmálum deiliskipulags sem verið er að vinna vegna framkvæmdarinnar.

Hvað varðar áhrif á gróður, fuglalíf, vatnsbúskap og villta fiskistofna, telur Skipulagsstofnun að áhrifin verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslandsbleikju við tilkynningu, umsagnir og frekari upplýsingar framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun fiskeldis Íslandsbleikju ehf að Núpsmýri í Öxarfirði úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 14. júlí 2017.

Reykjavík, 9. júní 2017

  
Jakob Gunnarsson

  
Ómar Ingbórsson